

D Ó M U R

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 6. júní 2013 og dómtekið 7. febrúar 2014. Stefnandi er Einar Grétar Jóhannsson, Eyrarlandi 1, Eyjafjarðarsveit. Stefndi er Lýsing hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.023.754 krónur auk vaxta samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. apríl 2011 til 1. maí þess árs, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádraginni innborgun 26. september 2013 að fjárhæð 78.466 krónur. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

Við meðferð málsins hefur verið tekið tillit til fyrirmæla laga nr. 80/2013 um breytingu á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með síðari breytingum, á þá leið að hraða skuli meðferð dómsmála sem lúta að lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða að uppgjöri slíkra skuldbindinga.

Málsatvik

Atvik málsins eru ágreiningslaus.

Stefnandi hefur búskap að aðalstarfi en sinni einnig skólaakstri sem sjálfstæður verktaki. Í tengslum við þessa síðargreindu starfsemi gerði stefnandi þrjú kaupleigusamninga við stefnda á árunum 2003 til 2006. Nánar tiltekið var um að ræða kaupleigusamning 18. september 2003 að fjárhæð 4.250.000 krónur, kaupleigusamning 21. september 2004 að fjárhæð 10.500.123 krónur og kaupleigusamning 29. ágúst 2005 að fjárhæð 3.535.741 króna. Með samkomulagi 23. júní 2006 tók SBA-Norðurleið yfir þessa þrjú samninga með samþykki stefnda.

Hinn 18. mars 2008 tók stefnandi yfir samning, svonefndan bílasamning, um kaupleigu á fólksbifreið. Eftirstöðvar samningsins við yfirtöku voru 2.800.707 krónur og skyldi stefnandi standa skil á fjárhæðinni með 53 leigugreiðslum, fyrst 5. apríl 2008. Samningurinn var að öðru leyti óbreyttur eins og hann hafði verið undirritaður af upphaflegum leigutaka 6. júlí 2007. Samningsfjárhæðin var gengistryggð miðað við japönsk jen og svissneska franka í jöfnun hlutföllum. Gengi gjaldmiðla miðaðist við útborgunardag. Vextir miðuðust við LIBOR-vexti viðkomandi gjaldmiðla. Stefnandi greiddi afborganir og vexti af samningnum frá 5. maí 2008 samkvæmt útreikningum stefnda. Í júlí 2009 skilaði stefnandi bifreiðinni, sem þá var metin gjörónýt, til stefnda, en við það lækkaði samningsfjárhæðin um 1.563.100 krónur vegna vátryggingabóta sem runnu til stefnda. Hinn 5. janúar 2010 greiddi stefnandi samninginn upp að fullu samkvæmt útreikningum stefnda með 1.527.879 krónum.

Hinn 31. mars 2011 endurreiknaði stefndi samninginn eftir að lög nr. 151/2010, sem fólu í sér breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, höfðu tekið gildi 22. desember 2010. Var endurútreikningur gerður aðgengilegur stefnanda á sérstöku svæði á heimasíðu stefnda. Samkvæmt endurútreikningnum hafði stefnandi ofgreitt afborganir og vexti að fjárhæð 984.407 krónur, sem með vöxtum á endurútreikningsdegi námu samtals 1.023.754 krónur. Eins og nánar greinir síðar leggur stefnandi þennan endurútreikning óbreyttan til grundvallar kröfu sinni.

Í stefnu er því lýst að þegar greiðsla barst ekki eftir nokkurn tíma hafi stefnandi haft samband við stefnda til að ýta á eftir greiðslu. Stefnanda hafi þá verið tjáð að forsendur hefðu breyst. Stefndi hafði þá einnig endurreiknað fyrrgreinda þrjá bílasaminga sem stefnandi átti aðild að á árunum 2003 til 2006. Hinir tveir fyrrnefndu voru taldir vanreiknaðir miðað við nýjar forsendur þannig að stefnandi væri í skuld við stefnda samkvæmt þeim. Var vísað til útreikninga á heimasíðu stefnda 14. apríl 2011. Hinn 3. júní 2011 tilkynnti stefndi skriflega að inneign stefnanda hefði verið skuldajafnað á móti hinni ætluðu skuld hans, samtals að fjárhæð 1.390.858 krónur.

Ekki er ástæða til að gera grein fyrir frekari samskiptum aðila eða tilraunum þeirra til að jafna ágreining sinn áður en málið var höfðað.

Í málinu er ágreiningslaust að allir framangreindir samningar voru í reynd samningar um lán í íslenskum krónum með ólögmætri gengistryggingu.

Ekki var um munnlegar skýrslur að ræða við aðalmeðferð málsins.

Málsástæður og lagarök aðila

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefnda beri að endurgreiða þá fjárhæð sem hann hafi haft ranglega af stefnanda vegna ólögmætra gengistryggingar á bílasamningi nr. 70054560, skv. fyrrgreindu uppgjöri. Stefnandi byggir á því að hann hafi átt rétt til efnda á uppgjörskröfunni 30 dögum eftir að stefndi tilkynnti honum um hana þann 31. mars 2011, enda hafði hann ekki gert athugasemdir við útreikninga stefnda. Af þeim sökum miðast dráttarvaxtakrafa stefnanda við 1. maí 2011. Stefnandi telur að skilyrðum skuldajafnaðar stefnda gegn honum hafi ekki verið fullnægt. Í fyrsta lagi hafi endurútreikningur stefnda verið án allra fyrirvara auk þess sem ákvæði 18. gr. laga nr. 38/2001 heimili stefnda ekki skuldajöfnuð við þessar aðstæður. Í annan stað byggir stefnandi á sjónarmiðum um fullnaðarkvittanir. Skuldskeyting umræddra þriggja lána árið 2006 hafi verið án allra fyrirvara og hafi stefnandi mátt treysta því að hann stæði ekki í frekari skuld við stefnda. Í þriðja lagi byggir stefnandi á því að hugsanleg endurgreiðslukrafa stefnda vegna umræddra lána sé fyrnd. Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um ólögmæta gengistryggingu lánasamninga, um uppgjör slíkra samninga og reglum um uppgjör og endurgreiðslu ofgreidds fjár. Hann vísar til fordæma Hæstaréttar til stuðnings kröfum sínum. Krafa um vexti er byggð 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 1. nr. 151/2011, 1. gr. Um dráttarvexti er vísað til 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Um

upphafsdag dráttarvaxta er vísað til 6. mgr. 18. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2011, 1.gr.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á því að honum sé skuldajöfnuður heimill. Vísar hann um það bæði til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð og ákvæðis í samningum aðila sem heimili stefnda að ráðstafa hagnaði við uppgjör á leigusamningi inn á aðrar kröfur eða leigusamninga sem í gildi eru á milli sömu aðila. Stefndi telur að lögum nr. 151/2010 hafi ekki verið ætlað að haggja almennum reglum um skuldajöfnuð og vísar því til stuðnings til meðferðar frumvarps þess sem varð að lögnum. Stefndi telur öll skilyrði skuldajafnaðar vera fyrir hendi en líta beri á kvittanir þær sem hann sendi stefnanda 3. júní 2011 sem yfirlýsingu um skuldajöfnuð.

Stefndi leggur á það áherslu að samkvæmt niðurstöðu endurútreiknings stefnda á tveimur samningum hafi stefnandi verið í skuld gagnvart stefnanda. Áhrif skuldajafnaðaryfirlýsingarinnar hafi því verið þær að kröfur beggja aðila, að fjárhæð 1.390.858 krónur, féllu niður um leið og stefnandi tók við skuldajafnaðaryfirlýsingunni. Stefndi krefst sýknu af dómkröfu stefnanda í öðru lagi á grundvelli þess að kröfugerð hans geri ráð fyrir því að hann fái endurgreidda inneign á grundvelli endurútreiknings eins samnings aðila en ekki verði heimilað að taka mið af inneign hans og skuld samkvæmt þremur öðrum samningum. Stefndi telur að þessi málatalbúnaður stefnanda gangi ekki upp og „krafa hans sé vanreifuð, auk þess sem hún feli í sér tvískinnung“, eins og segir orðrétt í stefnu.

Í þriðja lagi telur stefndi að ekki sé fullnægt skilyrðum til þess að stefnandi geti byggt á sjónarmiðum um fullnaðarkvittanir, eins og skilyrðin hafi verið mótuð í dómum Hæstaréttar. Stefndi mótmælir málsástæðu stefnanda um fyrningu viðbótarkröfu hans og vísar í bráðabirgðaákvæði XIV í lögum nr. 151/2010, þar sem segir að fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmetrar verðtryggingar lánessamninga í formi gengistryggingar reiknist frá 16. júní 2010. Segir í stefnu að samkvæmt þessu, svo og hinum almenna fyrningarfresti samkvæmt ákvæðum laga nr. 150/2007 og laga nr. 14/1905, hafi stefnda borið að endurreikna alla virka kaupleigusamninga sem í gildi voru á milli aðila fjórum árum fyrr eða þann 16. júní 2006.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda og telur stefnanda ekki hafa rökstutt hvers vegna reikna eigi vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 eða hvers vegna krafan eigi að bera dráttarvexti frá 1. maí 2011. Hann vísar til þess að hann hafi fyrst verið krafinn um greiðslu 3. apríl 2013 og telur að dráttarvextir geti í fyrsta lagi reiknast frá dómsuppsögu, verði fallist á vexti. Til vara er á því byggt að stefnukrafa geti einungis borið vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001, en ekki dráttarvexti. Stefndi mótmælir málskostnaðarkröfu stefnanda með vísan til þess að hann sé virðisaukaskattsskyldur og eigi því ekki að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstæða

Í máli þessu er óumdeilt að lán það sem stefnandi tók yfir hjá stefnda 18. mars 2008, og greiddi að fullu upp 5. janúar 2010, fól í sér ólögmetta gengistryggingu.

Ekki er ágreiningur um endurútreikning stefnda á láninu 31. mars 2011 sem gerður var í samræmi við 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eins og greininni var breytt með 1. gr. laga nr. 151/2010. Þá liggur fyrir að endurútreikningurinn felur í sér fyrirvaralaus viðurkenningu á því að stefnandi eigi endurgreiðslukröfu að fjárhæð 1.023.754 krónur. Er því ekki borið við í málinu að þessi endurgreiðslukrafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu að hluta eða í heild. Lýtur ágreiningur aðila þannig að meginstefnu að því hvort stefnda hafi verið heimilt að skuldajafna viðbótarkröfu sinni vegna vangreiddra vaxta tveggja annarra lána við téða endurgreiðslukröfu stefnanda.

Samkvæmt grein XIV til bráðabirgða laga nr. 151/2010, sem breyttu fyrrgreindum lögum nr. 38/2001, skal fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmætrar verðtryggingar lánsamninga í formi gengistryggingar reiknast frá 16. júní 2010. Að mati dómsins verður að skýra umrætt ákvæði til samræmis við önnur ákvæði laga nr. 151/2010, svo og samkvæmt orðanna hljóðan, þannig að fyrningarfrestur krafna sem grundvallaðar eru á endurútreikningi samkvæmt 5. mgr. 18. gr. laganna hafi fyrst hafist hinn 16. júní 2010. Er samkvæmt þessu um að ræða sérákvæði um fyrningarfrest sem gengur framur almennum reglum um upphaf fyrningar, sbr. nú II. kafla laga nr. 150/2007. Verður sú ályktun dregin af aðdraganda laganna og ákvæðum þeirra um endurútreikning lána að talið hafi verið nauðsynlegt að festa í lög afdráttarlaus ákvæði sem tryggðu samræmda, sanngjarna og skilvirka meðferð ólögmætra gengislána, meðal annars þannig að fjármálafyrirtækjum og skuldurum gæfist ákveðið tómt til þess að taka afstöðu til endurútreiknings án þess að það kynni að leiða til fyrningar endurgreiðslukrafna lántaka. Verður einnig að skýra fyrrgreint ákvæði á þá leið að það taki til fyrningar endurgreiðslukröfu lántaka jafnt sem kröfu lánveitanda vegna viðbótavaxta, svo sem um ræðir í máli þessu.

Lög nr. 151/2010 tóku gildi með birtingu í Stjórnartíðindum 28. desember 2010. Með hliðsjón af almennum reglum um tengsl eldri laga og yngri verða ákvæði laganna ekki skýrð svo rúmt að þeim hafi verið ætlað að taka til endurgreiðslukrafna sem þá voru þegar fallnar niður fyrir fyrningu þannig að þær yrðu virkar á nýjan leik. Gat stefndi því aðeins notið góðs af þeim sérstaka fyrningarfresti sem mælt er fyrir um í grein XIV til bráðabirgða við lög nr. 151/2010 að hann ætti rétt til efnda kröfu sinnar við fyrrgreinda gildistöku laganna, þó þannig að honum var áfram heimilt að nýta fyrnda kröfu til skuldajafnaðar við samrætta kröfu stefnanda, sbr. nú 26. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Með dómi Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 var því slegið föstu að svo bein og órjúfanleg tengsl væru á milli ólögmætrar gengistryggingar lánsamnings og vaxtaákvæða, sem miðuðust við svonefnda LIBOR-vexti, að líta yrði með öllu hjá ákvæðum um vaxtahæð. Var jafnframt talið að þegar svo stæði á bæri að miða við vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001. Í athugasemdum við það frumvarp sem varð að lögum nr. 151/2010 kom fram að efnisregla 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. nú 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, væri í fullu samræmi við þessa niðurstöðu Hæstaréttar, en rétt þætti að reglan væri skýrð í settum lögum og gerð öllum ljós. Samkvæmt þessu höfðu lög nr. 151/2010 ekki áhrif á tímamark stofnunar kröfu stefnda um endurgreiðslu vegna endurútreiknings láns með ólögmætri gengistryggingu. Við mat á upphafstíma fyrningar verður því að leggja til grundvallar að krafa stefnda um viðbótavexti hafi orðið til frá og með þeim innborgunum stefnanda sem stefndi telur að hafi ekki falið í sér fullar

greiðslur að þessu leyti.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að krafa stefnda um viðbótarvexti eigi rætur sínar í reglulegum afborgunum stefnanda á tímabilinu 18. september 2003, þegar sá fyrri af umræddum tveimur samninga aðila var gerður, allt þar til stefndi samþykkti skuldaraskipti beggja samninga 23. júní 2006. Samkvæmt 2. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sem hér eiga við samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, var ótvírætt liðinn fjögurra ára fyrningarfrestur vegna hvers kyns viðbótakröfu stefnda um vexti þegar lög nr. 151/2010 tóku gildi 28. desember 2010. Samkvæmt öllu framangreindu getur grein XIV til bráðabirgða við lög nr. 151/2010 eða önnur ákvæði laganna ekki haggð því að krafa stefnda um viðbótarvexti er fallin niður fyrir fyrningu.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 missti stefndi ekki rétt sinn til að þess að nýta fyrnda kröfu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda sem var af sömu rót runnin, svo sem áður greinir. Áður hefur verið gerð grein fyrir því að endurgreiðslukrafa stefnanda byggist á samkomulagi um yfirtöku hans á kaupleigusamningi um einkabifreið á árinu 2008. Krafa stefnda um viðbótarvexti á hins vegar rætur sínar í tveimur samningum frá árunum 2003 og 2004 sem lutu að kaupleigu á bifreiðum til fólksflutninga. Að mati dómsins getur ekki farið á milli mála að þær kröfur sem hér er um að ræða eiga það eitt sameiginlegt að hafa stofnast milli sömu aðila án þess að þær tengist sama löggerningi eða sömu atvikum. Að mati dómsins er stefnda ekki nægilegt að vísa til þess að málsaðilar hafi um árabil átt í viðskiptum þannig að kröfurnar teljist eiga rætur í sömu aðstöðu. Getur stefndi því ekki reist rétt á umræddri sérreglu laga nr. 14/1905 um samrættar kröfur, svo sem hreyft var við munnlegan flutning málsins.

Samkvæmt framangreindu er hafnað þeirri málsástæðu stefnda að hann hafi átt kröfu um viðbótarvexti sem honum hafi verið heimilt að nýta til skuldajafnaðar eftir að endurgreiðslukrafa stefnanda var reiknuð af stefnda 31. mars 2011. Þarf því ekki að leysa úr því hvort umrædd viðbótarkrafa stefnda gegn stefnanda sé einnig fallin niður á grundvelli reglna um fullnaðarkvittanir. Samkvæmt þessu verður fallist á aðalkröfu stefnanda eins og hún er fram sett.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 30. janúar 2014 í máli nr. 544/2013 á stefnandi ekki rétt til vaxta samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Verður kröfu hans þar að lútandi því hafnað.

Skilja verður 6. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 á þá leið að stefnda hafi að eigin frumkvæði borið að standa stefnanda skil á þeirri endurgreiðslu sem hann átti rétt á samkvæmt endurútreikningi. Eins og áður greinir byggir stefnandi kröfur sínar á fyrrgreindum endurútreikningi stefnanda 31. mars 2011 óbreyttum. Með vísan til grunnreglu 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 verður því fallist á kröfu stefnanda um dráttarvexti frá 1. maí 2001.

Eftir úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 1.129.500 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sigmundur Guðmundsson hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Lýsing hf., greiði stefnanda, Einari Grétari Jóhannssyni, 1.023.754 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. maí 2011 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 26. september 2013 að fjárhæð 78.466 krónur.

Stefndi greiði stefnanda 1.129.500 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon